

1904005



Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Efni: **Styrkur vegna söngskrár 2019**

Í tilefni þess að Karlakór Rangæinga er að hefja vorstarf sitt með tónleikum á nokkrum stöðum er hér með óskað eftir að Ásahreppur styrki gerð söngskrár að því tilefni.

Á vortónleikum kórsins að þessu sinni verður Skagfirðingurinn og stórtenórinn Óskar Pétursson gestasöngvari. Hann mun bæði syngja einsögn eins og honum er lagið ásamt því að kórinn mun „aðstoða“ hann í nokkrum lögum.

Tónleikar kórsins verða haldnir í Salnum Kópavogi 9. apríl nk., í Skálholti 10. apríl nk, í Þróttamiðstöðinni í Þykkvabæ 11. apríl nk og á Kirkjubæjarklaustri 12. apríl nk. (Dagsetningar geta breyst vegna fyrirvara). Einnig verður sungið fyrir dvalargesti á dvalarheimilinu Lundi í byrjun ferðar á kirkjubæjarklaustur. Allir tónleikarnir verða auglýstir þegar nær dregur.

Til að standa straum af föstum og óhjákvæmilegum kostnaði tiltekinna viðburða, sem án nokkurs vafa þjóna afar mikilvægu menningarstarfi fyrir samfélag okkar í heild, er farið fram á styrk eins og áður segir. Um er að ræða tvenns konar logo fyrirtækisins / stofnunarinnar, minna eða stærra. Minna kostar 25.000 krónur en það stærra 50.000 krónur.

Með samþykki á styrkveitingu verður söngskráin send viðkomandi, ásamt tveimur aðgöngumiðum, á einn af tónleikum kórsins á vorönn 2018. Söngskráin verður send viðkomandi styrktaraðila samhliða útsendingu reiknings.

Með fyrirfram þökk fyrir veitta aðstoð.

(Afar gott væri að fá staðfestingu um veitingu styrks á netfangið [birgir@ry.is](mailto:birgir@ry.is) eða í síma 896-7556. Allar nánari upplýsingar fást hjá undirrituðum).

Fh stjórnar  
Birgir Haraldsson  
Gjaldkeri Karlakórs Rangæinga

